



Sumarlokanir 2013 verða hlutfallslega heldur minni í ár en í fyrra eða sem nemur 19% af virkum legurýmum þegar mest er. Helsta breytingin frá síðasta sumri er að lyflækningasvið mun loka færri rýmum. Nú eru 676 virk legurými á LSH. Í sumar verður mest lokað 129 legurýmum en þá verða 547 legurými til ráðstöfunar en voru 526 sumarið 2012 (mynd 1). Mestu lokanirnar eru í viku 29-32 og eru lokanir nú heldur dreifðari en þær voru síðasta sumar (mynd 3).




Mynd 1 – lokuð rúm sem hlutfall af heildarrúmafjölda

Byrjað verður að loka fyrstu rúmunum um 14. júní og ná lokanirnar fram til ágústloka. Mesta lokunin verður frá miðjum júlí og fram yfir verslunarmannahelgi (sjá myndir 2-3).



Mynd 2 – rúmalokanir eftir vikum



Mynd 3 – dreifing rúmalokana yfir sumarið árin 2011 og 2012

Á skurðlækningasviði verða 16 rúm lokuð í rúmar 9 vikur á Hringbraut frá 19. júní til 19. ágúst, en þá sameina deildir 12G og 12E starfsemi sína á deild 12E sem verður með 18 rúm í rekstri. Í Fossvogi verða 18 rúm lokuð í 10 vikur frá 14. júní til 26. ágúst, en þá sameina deildir B6 og A4 starfsemi sína á A4 sem verður með 18 rúm í rekstri. Skurðstofur draga saman starfsemi frá 10. júní til og með 9. september (sjá mynd 3). Dagdeildir 13D og A5 verða opnar í allt sumar, einnig göngudeildir B3, 11A og 10E. Samdráttur verður á valkvæðum aðgerðum á því tímabili eins og verið hefur á liðnum árum. Á gjörgæsludeildum verður óbreytt starfsemi. Sama gildir um GÁT teymi og eftirfylgd. Vöknun í Fossvogi verður lokað að næturlagi yfir hásumarið. Öllum bráðatilfellum verður sinnt af gjörgæsludeildinni. Starfsemi vöknunar á Hringbraut verður óbreytt í sumar. Vöknun á kvennadeild verður einungis opin frá kl. 08:00 – 16:00 yfir hásumarið.

2013	Fossvogur	Hringbraut	Kvennadeild	Samtals skurðstofur
10.06-21.06 (2 vikur)	4	4	2	10
24.06-23.08 (9 vikur)	3	3	2	8
26.08-9.09 (2 vikur)	4	4	2	10

Mynd 3 – fjöldi opinna skurðstofa

Augndeild Eiríksögðu verður lokuð frá 8. júlí til 6. ágúst. Aðkallandi þjónustu verður sinnt á göngudeild og bráðaaðgerðum á skurðstofu á Hringbraut. Á þessum tíma verður sjúklingum sem eru að fá lyfjagjafir í auga sinnt á dagdeild 13D.

Blóðbankinn dregur saman starfsemi sína þannig að blóðbankabíllinn verður ekki starfræktur í 6 vikur, frá 24. júní til 4. ágúst. Í samráði við blóðlækningadeild verður ekki safnað, unnar eða gefnar

stofnfrumur í um 6 vikur yfir hásumarið, frá 1. Júlí til og með 5. ágúst. Ekki verður tekið á móti sýnum í HLA-krosspróf frá 1. til 30. júlí. HLA-flokkarnir og HLA-metefnaskimanir verða unnar eftir þörfum.

Á lyflækningasviði verður mest lokað 41 rúmi en 56 rúmum var lokað í fyrra þegar mest var og 85 rúmum 2011. Á Hringbraut verða allar legudeildir sviðsins opnar með samtals 81 rúm. Hjartagátt verður opin en dagdeildin verður lokað frá 10. júní til 22. ágúst. Samdráttur verður í starfsemi hjarta- og æðaþræðinga þar sem starfsemin verður dregin saman eftir föngum frá 10. júní til 22. ágúst. Á A6 loka svefnrannsóknir frá 14. júlí til 11. ágúst. Deild B4 lokar 9 rúmum frá 16. júní til 12. ágúst og verður lokað fyrir bráðainnlagnir þar. Göngudeildir og dagdeildir draga saman starfsemi eftir föngum. Skilunardeild verður með óbreytta starfsemi. Á Landakoti lokar L3 (5 daga deild) frá 18. júní til 19. ágúst og dagdeildin lokar frá 8. júlí til 12. ágúst. Göngudeild L0 verður lokað 8. júlí – 6. ágúst, einn hjúkrunarfræðingur verður þar 3 daga í viku til að sinna þjónustu. Allar 7 daga deildirnar og hjúkrunardeildin á L2 verða opnar. Á Grensási verða lokað 8 rúm á legudeildinni R2 frá 1. júlí til 19. ágúst. Dagdeild Grensáss verður lokað frá 12. júlí til 12. ágúst. Líknardeildin í Kópavogi verður með 8 legurými opin frá 17. júní til 31. ágúst. Dagdeild líknardeildar lokar frá 15. júlí til 26. ágúst og starfsemi 5 daga deildar verður dregin saman. Heimahlygning verður með óbreytta starfsemi.

Á geðsviði verður einni bráðadeild, deild 32-C, lokað í tæpar 9 vikur eða frá 14. júní til 14. ágúst. Þá lokar 5 daga endurhæfingardeild frá 5. júlí til 6. ágúst. Dagdeild átröskunar lokar í 11 vikur frá 14. júní til 26. ágúst. Göngudeild átröskunar verður opin. Dagdeild Hvítabandi lokar frá 28. júní til 6. ágúst. Teigur verður opið með lágmarksþjónustu í boði. Endurhæfingardeild, 5 daga, lokar frá 5. júlí til 6. ágúst.

Á kvenna- og barnasviði verða barnadeildir 22E og D reknar saman á einum gangi í 13 rúmum frá 18. júní til 26. ágúst. Dagdeild barna verður lokað frá 8. júlí til 12. ágúst en dregið verður úr starfsemi frá byrjun júní. Dregið verður úr starfsemi legudeildar BUGL frá 10. júní til 15. ágúst. Reiknað er með að nýtingin verðir 12 pláss af 17 á þessum tíma. Göngudeild BUGL verður lokað frá 8. júlí til 5. ágúst. Rjóður lokar frá 15. júlí til 6. ágúst.

Á kvenlækningadeild 21-A verður legudeildarrýmum fækkað úr 15 í 10 á virkum dögum og í 8 um helgar frá 7. júní til 26. ágúst og á sama tíma verður 5 dagdeildarrúmum lokað.

Sjúkrahóтелиð verður með 25 rými opin frá 1. júní til 31. ágúst.

Innlagnavakt mun starfa með hefðbundnum hætti í sumar með vaktir til kl. 20 virka daga og frá 10-22 um helgar og almenna frídaga.